



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

September 2016

Skólaárið 2016—2017 hefur nú látið úr vör og siglir vel af stað. Nemendur eru glaðir og í sameiningu tökumst við á við námið og lærdóminn.

Þó stutt sé liðið af skólanum hefur ýmiskonar starf verið unnið og margir sigrar að baki. 6. bekkur skellti sér á sjó strax fyrstu vikuna í skólanum og voru nemendur afar fengsælir svo merkilegt þótti.

Útivistardagur skólans fór síðan fram í annarri vikunni og tókst með afbrigðum vel. Það voru því útitekknir, sælir og þreyttir nemendur og starfsmenn sem gengu til hvílu það kvöldið.

Í september verður margt í gangi í skólalífínu. Reykjaferð 7. bekkjar er handan við hornið, Grænánahátíð alveg að bresta á og samræmd próf í tveimur árgöngum verða þreytt. Þar utan mun stór hluti starfsfólks skólans fara í námsferð til Edinborgar en þá verða starfsdagar í skólanum og því skólafrí hjá nemendum.

Áherslurnar okkar verða á sínum stað og munum við í samvinnu við heimilin leggja áherslu á alla þá þætti sem byggja grunn að skólastarfi Glerárskóla. Læsið verður í hávegum haft og minnum við forráðamenn á að gleyma ekki í amstri dagsins hversu miklu máli skiptir að lesa með börnunum, sérstaklega á meðan þau eru að reyna að ná tökum á lestrinum sjálf. Setjið því strax inn í dagbókina lestrarstund á hverjum degi og þá mun árangurinn ekki láta á sér standa.

Munum svo að:

„Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!“

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,

Eyrúnu, Elínu og Helgu

7. bekkur að Reykjum

Strax í næstu viku, 5.—9. september, fara nemendur 7. bekkjar í skólabúðir að Reykjum í Hrutafirði. Ferðin er ætíð bæði ánægjuleg og góð en oft reynir hún á og því koma þreyttir ferðalangar heim á föstudegi eftir dvölinna.

Umsjónarkennarar, auk stuðningsfulltrúa fara í ferðina með nemendum að þessu sinni og óskum við öllum góðrar ferðar.



2. september 2016

2. tbl. 6. árg

Til umhugsunar:

- Gleði
- Markmið
- Samvinna
- Bros

Efnisyfirlit:

<i>September 2016</i>	1
<i>7. bekkur að Reykjum</i>	1
<i>DÍN— Grænánahátíð</i>	2
<i>Ábending</i>	2
<i>Kynningarfundir</i>	2
<i>Samræmd próf</i>	3
<i>Námsferð</i>	3
<i>Helstu viðburðir</i>	3
<i>Aðalfundur</i>	3
<i>Umferðaröryggi</i>	4
<i>Matarskömmun</i>	4
<i>Búnaður</i>	4
<i>Morgunkaffi</i>	4

Dagur íslenskrar náttúru—Grænfánahátíð

Föstudaginn 16. september n.k. er Dagur íslenskrar náttúru. Þann dag reynum við í Glerárskóla að vekja nemendur til vitundar um náttúruna okkar og hversu mikils virði hún er í öllu okkar lífi.

Glerárskóli er umhverfsvænn skóli auk þess sem hann leggur áherslu á grenndarfræði og er því mjög meðvitaður um náttúruna og allt sem henni tengist. Við viljum því halda deginum hátt á lofti og leggja okkar af mörkum til að efla vitund um heilbrigði og umhverfsvæna lifnaðarhætti.

Þennan dag fær Glerárskóli Grænfánann afhentan í fimmta sinn. Því ætlum við að halda veglega Grænfána- og umhverfishátíð til að fagna þessum merka áfanga. Við erum stolt af því að geta flaggað Grænfánum og höldum því ötullega áfram við að efla vitund um umhverfið og heilbrigða lifnaðarhætti.

Vinum saman að því að gera skólann okkar enn vænni og grænni :)

Hátíðahöldin hefjast í íþróttasal kl. 10:35 og standa í u.þ.b. klukkustund.

Í hádegismatnum verður boðið upp á skyr (skv. matseðli) og pylsur til hátíðabrigða að ósk nemenda.

Allir eru velkomnir !

**NORRÆNA
SKÓLAHLAUPIÐ**
*fer fram
Þriðjudaginn
20. september
frá kl. 10:35*

*Eftir hlaup er
matur í mötuneyti
samkvæmt
matseðli en
Foreldrafélag
Glerárskóla gefur
hlaupurunum
íspinna í eftirmat
að launum fyrir
dugnaðinn.*

Ábending til forráðamanna

Nemendum sem mæta á hjólum, hlaupahjólum eða öðrum farartækjum á hjólum í skólann ber að hafa **hjálms á höfði**. Ef nemendur hafa ekki hjálm áskilur Glerárskóli sér rétt til að neita nemanda um að nota tækið í skólanum og jafnvel að biðja forráðamenn að koma og sækja farartækið. Ef nemandi kemur inn í skólahúsnæðið á farartæki á hjólum mun það verða fjarlæggt og/eða haft samband við forráðamenn svo þeir geti komið og nálgast tækið.

Kynningafundir

Nú í ágúst og byrjun september standa yfir kynningarfundir til forráðamanna. Nokkrir árgangar hafa haldið sína fundi en hér sjáum við skipulagið. Kynningarnar eru frá kl. 8:00—8:40 (nema annað sé tekið fram) og haldnar í umsjónarstofum nemenda.

1. bekkur: Mánudagur 12. september
3. bekkur: Föstudagur 9. september
5. bekkur: Þriðjudagur 6. september
7. bekkur: Miðvikudagur 31. ágúst (búið)
9. bekkur: Fimmtudagur 15. september

2. bekkur: Miðvikudagur 14. september
4. bekkur: Fimmtudagur 8. september (kl. 8:10)
6. bekkur: Miðvikudagur 7. september
8. bekkur: Þriðjudagur 13. september
10. bekkur: Miðvikudagur 31. ágúst (búið)

Útivistardagur Glerárskóla

Fimmtudaginn 1. september s.l. var útivistardagur í Glerárskóla. Nemendur skoppuðu og hoppuðu út um víðan völl ásamt starfsfólki skólans.

Dagurinn tókst ljómandi vel í frábæru veðri.



Samræmd próf í 4. og 7. bekk

Í september fara fram samræmd próf í 4. og 7. bekk. Prófin eru nú í fyrsta sinn á rafrænu formi og erum við að stíga fyrstu skrefin í þeim efnum. Menntamálastofnun sér um framkvæmd prófanna og munu skólarnir gera sitt besta til að allt gangi vel fyrir sig.

7. bekkur verður í prófum dagana 22. og 23. september n.k. en þeir dagar eru skipulagsdagar í Glerárskóla. Nemendur koma samt sem áður í prófin þó önnur skólastarfsemi liggi niðri.

4. bekkur verður síðan í prófum dagana 29. og 30. september en þá daga er venjubundið skólastarf svo nemendur fara í prófin á skólatíma.

Prófin verða samkvæmt eftirfarandi:

Fimmtudagur 22. september: 7. bekkur—íslenska

Föstudagur 23. september: 7. bekkur—stærðfræði

Fimmtudagur 29. september: 4. bekkur—íslenska

Föstudagur 30 september: 4. bekkur—stærðfræði

Allar nánari upplýsingar koma þegar nær dregur.

Námsferð starfsmanna

Fimmtudagur 22. og
föstudagur 23. september
næstkomandi eru starfsdagar
í Glerárskóla.

Þá verður stór hluti
starfsmanna Glerárskóla í
námsferð í Edinborg.
7. bekkur kemur þó í skólann
til að taka samræmdu prófin.

„Án menntunar
hjartans er engin
menntun!”

Sókrates

Helstu viðburðir í september og október 2016

- 1. september: Útivistardagur
- 5. september: Aðalfundur foreldrafélagsins
- 5.—9. september: 7. bekkur að Reykjum
- 8. september: Dagur læsis
- 16. september: Dagur íslenskrar náttúru— Grænánahátíð
- 22. –23. september: Skipulagsdagar—Samræmd próf í 7. bekk
- 26. september: Evrópski tungumáladagurinn
- 29. - 30. september: Samræmd próf í 4. bekk
- 21. og 24. október: Haustfrí
- 25. október: Skipulagsdagur
- 26. september: Viðtalsdagur

**Aðalfundur
foreldrafélagsins
verður haldinn
mánudaginn
5. september n.k.
kl. 20:00-21:30**

**Fjölmennum öll og
eflum foreldrafélag
Glerárskóla**

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá
kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda er hún
opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er: glerarskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Við erum á Facebook:
Glerárskóli

BÚNAÐUR OG EIGNIR —ATHUGIÐ VEL!

Við viljum benda forráðamönnum á að öll
tæki sem nemendur koma með í skólann,
s.s. símar, spjaldtölvur, hjól, hlaupahjól og
annar búnaður, eru á ábyrgð heimilis.

Einnig minnum við forráðamenn á að
merkja eigur nemenda vel.

Umferðaröryggi

Kæru forráðamenn!

Vinsamlega áréttið við börnin ykkar að fara varlega í
umferðinni, sér í lagi þegar þau koma á farartækjum á
hjólum í skólann.

Áríðandi er að ALLIR NOTI HJÁLMA og einnig er vert að
minna á að bílastæðið við skólann getur verið varasamt á
morgnana þar sem umferð bíla er þar þó nokkuð mikil og
oft alltof hröð.

Í leiðinni minnum við á að heilsusamlegt er fyrir börnin
að ganga eða hjóla í skólann en ef þið forráðamenn
komið akandi með börn til/frá skóla biðjum við ykkur að
aka varlega á bílastæðinu, leggja bílunum og drepa á
þeim ef þið þurfið að bíða um stund.

AÐ SKAMMTA SÉR MATINN SJÁLFUR!

Frá og með miðvikudeginum 7. september n.k. munu nemendur
skammta sér sjálfir á diskana í matartíma. Einnig verða settar rusla-
fötur fyrir lífrænan úrgang fyrir alla árganga líkt og gert var í fyrra
þegar skólinn tók þátt í verkefni gegn matarsóun. Við stefnum
ötullega að því að verða umhverfisvænni í dag en í gær en það er
stór þáttur í stefnu skólans.

Gott væri ef forráðamenn aðstoðuðu okkur með því að ræða við
börnin sín um mikilvægi þess að taka mátulega á diskinn til að litlu
verði hent.
Takk fyrir!

Morgunkaffi með stjórnendum

Stjórnendur halda áfram að bjóða forráðamönnum í morgunkaffi þetta skólaárið, einu sinni
hverjum árgangi. Morgunkaffið er hugsað sem óformlegt spjall um skólamál en hefur ekki form-
fasta dagskrá. Við hittumst á kaffistofu starfsmanna frá kl. 8:15 - 8:45 á morgnanna og er boðið
upp á kaffi/te/vatn/mjólk og eitthvert lítilræði. Skipulag morgunspjallsins verður eftirfarandi, með
fyrirvara um breytingar. Hlökkum til að sjá ykkur.

Þriðjudagur 4. október: **7. bekkur**

Miðvikudagur 5. október: **4. bekkur**

Miðvikudagur 9. nóvember: **1. bekkur**

Föstudagur 11. nóvember: **9. bekkur**

Miðvikudagur 23. nóvember: **8. bekkur**

Þriðjudagur 29. nóvember: **6. bekkur**

Miðvikudagur 15. febrúar: **5. bekkur**

Föstudagur 17. febrúar: **3. bekkur**

Miðvikudagur 22. febrúar: **2. bekkur**

Föstudagur 24. febrúar: **10. bekkur**